

Lyfjanefnd ÞÍH

4. fundur 26.jan 2022 kl 15-16

Mættir: Anna Bryndís Blöndal, Jón Steinar, Elín Ingibjörg Jacobsen, Gunnur Helgadóttir, Ólafur Samúelsson, Guðný Friðriksdóttir, Gunnlaugur Sigurjónsson, Arna Þórdís Árnadóttir ritar. Hannes Hrafnkelsson var staddur erlendis.

Fundardagskrá er sem hér segir:

1. Tengiliðir lyfjanefndar við hjúkrunarheimili, Ólafur Samúelsson og Gunnur Helgadóttir.
 - a. Hjúkrunar og dvalarheimili skulu tilnefna tengiliði.
 - b. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
 - c. Vinna að öruggri og skynsamlegri notkun lyfja sem ávísað er eða notuð eru innan heilsugæslu og á hjúkrunar og dvalarheimilum
 - d. Leiðbeiningar um lyfjaval – lyfjalistar – klokalistan - lothian formulary –
 - e. Lyf og aldraðir – leiðbeiningar um lyfjaval - flakkari
 - f. seponeringslistan
2. Nýr lyfjafræðingur hjá ÞÍH
3. Lyfjastofnun – sérlyfjaskrá – kynning á nýskráðum lyfjum – undanþágulyf -
4. Klínískir lyfjafræðingar hjá HH
5. Leiðbeiningar um lyfjaval/lyfjalistar

Lyfjalistar

Öndunarfæri*

Endokrinologia * sykursýki/skjaldkirtill

Gyn---- menopausa, getnvarnir

Hjarta og æðar- háþrýstingur* (kransæðasjd, hjartabilun, perifer sjd, a fib)

Húð (akne)

Infekt *

Melting*

Neurology (migren)

Osteoporosa *

Psyk *

Verkir *

Þvagfæri*

Aldraðir ----

Fundur settur og gengið til dagskrár

Mættir: Jón Steinar Jónsson, Anna Bryndís Blöndal, Gunnlaugur Sigurjónsson, Guðný Friðriksdóttir.
Hannes Hrafnkelsson boðaði forföll

1. Tengiliðir hjúkrunar og dvalarheimila við Lyfjanefnd ÞÍH

- Gestir fundarins voru Ólafur Samúelsson öldrunarlæknir á Eir og Gunnur Helgadóttir forstöðumaður heilbrigðissviðs Hrafnistu sem eru tengiliðir hjúkrunar og dvalarheimila við lyfjanefndina voru kynntir svo og nýr starfsmaður ÞÍH, Elín I. Jacobsen lyfjafræðingur.
- Í reglugerð um Lyfjanefnd ÞÍH er gert ráð fyrir því að hjúkrunar og dvalarheimili tilnefni tengiliði við nefndina. Formaður hafði samband við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu sem tilnefndu Ólaf og Gunni sem tengiliði. Tveir fulltrúar í nefndinni tengjast einnig hjúkrunarheimilum, Guðný Friðriksdóttir sem framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSN og Gunnlaugur Sigurjónsson sem læknir á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu.
- Formaður kynnti meginhlutverk nefndarinnar og áherslur hennar á gerð leiðbeininga um lyfjaval og fyrirmyndir að slíkum leiðbeiningum. Mikilvægur efnisflokkur í slíkum leiðbeiningum er lyf og aldraðir en einnig fjöllyfjameðferð, yfirferð lyfjalista og lyfjarýni. Nefndin hefur hug á að ráða tímabundið öldrunarlækni til að vinna með henni að gerð leiðbeininga um lyfjaval hjá öldruðum. Ólafur og Gunnur voru hvött til að koma með tillögur að aðila sem gæti komið að þessu verkefni
- Ólafur fór yfir ýmis sjónarmið varðandi lyf á hjúkrunarheimilum svo sem fjöllyfjameðferð, óviðeigandi lyfjameðferð, gögn sem tengjast RAI mati og fleira.
- Gunnur sagði meðal dvalartíma á Hrafnistu vera 1.6 ár og líknandi sjónarmið í meðferð því mikilvæg. Talaði um galla í RAI gæðavísunum þar sem t.d. vítamín telja sem lyf. Íbúar hjúkrunarheimila á dýrum lyfjum er sérstakt viðfangsefni.
- Gunnlaugur lýsti sinni reynslu og sjónarmiðum af starfi á hjúkrunarheimili m.a. fjöllyfjameðferð sem erfitt reynist að minnka. Hann tók undir með Gunni um galla RAI gæðavísa.
- Guðný benti á að gæðavísarnir eru á heimasíðu HSN. Hún lagði áherslu á mikilvægi yfirferðar á lyfjalistum og þróun verklags tengt því
- Frekari umræða var um lyfjarýni og mikilvægi þeirrar nálgunar, innleiðingu leiðbeininga og aðgengi þeirra og framsetningu á heimasíðu ÞÍH, aðkomu klínískra lyfjafræðinga bæði í heilsugæslu og á hjúkrunarheimilum, Miðstöð lyfjaupplýsinga á LSH, mulning á lyfjum, E-med kerfi sem er á sumum hjúkrunarheimilum, nálgun hjá þeim öldruðu sem eru hrumastir.
- Einnig var rætt stuttlega form á samskiptum nefndarinnar við tengiliði hjúkrunar og dvalarheimilanna til framtíðar.
- Ólafi og Gunni var þakkað fyrir góða fundarsetu.

2. Nýr starfsmaður ÞÍH.

Elín I. Jacobsen lyfjafræðingur hefur tekið til starfa á ÞÍH í 20% starfi og mun koma að vinnu við ýmsa þætti sem snerta starfsemi lyfjanefndar svo sem gerð leiðbeininga um lyfjaval. Var hún boðin velkomin til starfa

3. Lyfjastofnun

Anna Bryndís greindi frá fundi JSJ og ABB með Lyfjastofnun

Tilfni þess fundar voru m.a. niðurstöður sem birtust í meistararitgerð Yrsu Ívarsdóttur um þætti sem hafa áhrif á ákvörðun lækna um lyfjameðferð. Þar kom m.a. fram áhersla lækna á endurbætta sérlyfjaskrá og upplýsingar um nýskráð lyf

Voru þessi atriði rædd við fulltrúa Lyfjastofnunar. Einhverjar breytingar, þó ekki grundvallarbreytingar, eru í farvatni á sérlyfjaskrá. Einnig var rætt um lyfjaskort, undanþágulyf og verklag tengt því. Dæmi eru um að í lyfjaskorti sé lyfseðill sem er til sé látinn gilda og apótekið afgreiði undanþágulyf án undanþágulyfseðils. Slíkt verklag gæti sparað mikla vinnu og mun ÞÍH fylgja þessu samtali eftir. Lyfjastofnun kynnir á heimasíðu þegar ný lyf koma á markað á Íslandi. Hugmyndin er að lyfjasvið ÞÍH komi með mánaðarlegar fréttir og umfjöllun á heimasíðuna um ný lyf sem varða heilsugæsluna og einnig um lyfjaskort og afskráningar lyfja.

4. Klínískir lyfjafræðingar hjá HH.

Kynningu og umræðu frestað til næsta fundar

5. Leiðbeiningar um lyfjaval

Stuttlega nefnt, sjá fundarboð þar sem lyfjaflokkar með * eru komnir vel á veg í vinnslu. Áfram verður unnið með þessi skjöl og stefnt á að ráða öldrunarlækni sem tímabundið í hlutastarf til að vinna að efnisflokknum lyf og aldraðir. Gert ráð fyrir á næsta fundi að Anna Bryndís og Elín komi með tillögu að uppsetningu lyfjalista.

Fundi slitið klukkan 16.02